# Hvaleyri athugasemd Gísli Ásgeirsson, Vallarbyggð 7

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag |
| **Frá** | : | gisli40@gmail.com <gisli40@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Hvaleyri athugasemd Gísli Ásgeirsson, Vallarbyggð 7 |
| **Málsnúmer** | : | 2008009 |
| **Málsaðili** | : | Golfklúbburinn Keilir |
| **Skráð dags** | : | 10.09.2020 12:44:45 |
| **Höfundur** | : | gisli40@gmail.com <gisli40@gmail.com> |

Góðan daginn
Ég bý að Vallarbyggð 7 og uni sambýli við kylfinga nokkuð vel.
Engu að síður hef ég nokkrar spurningar varðandi þessa tillögu sem kynnt er á vef bæjarins.
1. " Sunnan við byggingareitinn liggur kambur sem mun að hluta til fela ásýnds hússins frá núverandi byggð í Hamrabyggð. " Hversu hátt yfir kambinn mun byggingin ná? Gott væri að fá mynd sem sýndi það. Fram kemur að hámarkshæð hússins verður 6 metrar.
Má reikna með allri þeirri hæð ef horft er frá Vallarbyggð og nágrenni. Þetta varðar auðvitað núverandi útsýni og heildarmynd.
2.  Hvar verður aðkoma véla og tækja að húsinu?
3. Hefur umferð véla áhrif á hljóðmynd hverfisins? Nú er þekkt að sláttuvélar kylfinga hefja slátt kl. 04. að morgni á sumrin og þykir léttsvæfum það frekar snemmt. Þýðir þetta meiri hávaða í rauðabítið?
4. Hefur komið til greina að hafa þetta hús austan við núverandi áhaldahús Keilis?

Með von um greinargóð svör.

Gísli Ásgeirsson
Vallarbyggð 7
Símar:
6617848
5651209

-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------
Innihald þessa tölvupósts gæti innihaldið trúnaðarmál og er aðeins ætlað
(þeim viðtakanda) sem hann er áritaður og öðrum þeim er hann heimilar að
skoða hann. Ef mistök verða við sendingu póstsins ertu vinsamlegast beðin(n)
að láta sendanda vita og eyða póstinum strax.

-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------
This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged
information only intended for the person or entity to which it is addressed.
If you accidentally receive this mail, please inform the sender and
delete the mail immediately.